

Stjórnarfundur

24. apríl 2007

**Fundargerð Stjórn SSA
Þriðjudaginn 24. apríl 2007
Félagsheimilið Herðubreið Seyðisfirði
Hádegisverður Skaftfelli kl. 12.30.**

Mættir. *Björn Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson, Ólafur Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Ævar Ármannsson, Páll Baldursson, Reynir Arnarson, Guðrún Ingimundardóttir og varam. Díana Mjöll Sveinsdóttir. Forföll boðaði Gumundur R. Gíslason. Framkvæmdastjóri er mættur.*

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund ,að loknum hádegisverði kl. 13.30, og gengið var til fyrirliggjandi dagskrár.

2. Fundargerð stjórnar SSA 5. mars 2007

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð framkvæmdaráð SSA 22. mars 2007.

Samráðsfundur SSA og Eyþings 8. fundur.

Umræður urðu um liði 1.a og 3.

3. Frá Landshlutasamtökum.

3/1 Fundargerð stjórn Eyþings 180.fundur 30. mars 2007

Lögð fram til kynningar.

3/2 SASS fundargerð 401. fundur 7.mars 2007

Lögð fram til kynningar .

3/3 Fundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna 22.03.07

Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá helstu umræðuefnum samráðsfundarins.Sumarfundur landshlutasamtakanna verður á Ísafirði í júní mánuði.

4. Frá Sambandi ísl . sveitarfélaga.

4/1 Fundargerðir stjórnar nr .741 23. febrúar og nr. 742 22. mars 2007

Lagðar fram til kynningar.

4/2 Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga frá 22. mars 2007

Bókun stjórnar S.Í.Sv.

Viljayfirlýsingin og bókunin sérstaklega rædd.

Fram kom í umræðum (ÞJ- BJH-ÆÁ-RA-ÓS-GI-ÓÁ-PB) stjórnarmanna sem flestir sátu landsþingið að þeim hafi komið á óvart hvað þingfulltrúar virtust sætta sig við viljayfirlýsinguna í umræðum á Landsþinginu .Sérstaklega er það athyglivert þegar horft er til margítrekaðra og réttmætra krafna sveitarfélaganna um aukna hlutdeild í skatttekjum ríkisins af fjármagnstekjuskatti og og sköttum af einkahlutafélögum.

Formaður lagði fram svohljóðandi drög að bókun stjórnar vegna

viljayfirlýsingarinnar.

Stjórn SSSA hefur kynnt sér og fjallað um viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 um fjárhagsleg samskipti þessara aðila. Vill hún í framhaldi af því koma neðangreindu álitinu á framfæri við hlutaðeigandi:

Með vísan til 4. tl. viljayfirlýsingarinnar fagnar stjórnin ákvörðun um að auka tímabundið fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um helming, þ.e. úr 700 milljónum króna í 1.400 milljónir í því skyni að jafna aðstöðumun sveitarfélaga. Hins vegar undirstrikar hún, m.a. í ljósi reynslunnar, að gæta verði þess að markmiðum með hinu aukna fjármagni verði náð og tryggt við frágang regluverks um úthlutun , að það renni til þeirra sveitarfélaga, sem virkilega þurfa á því að halda. Af þeim sökum er einnig sérstaklega brýnt að hraða frágangi reglna um fjármál sveitarfélaga, lækkun skulda þeirra og framlög vegna sameininga, sbr. 1., 2. og 5 tl. viljayfirlýsingarinnar. Stjórnin bendir þó á, að skýrar hefði þurft að kveða á um á hvern hátt ríkisvaldið ætlar að stuðla að eflingu sveitarstjórnarstigsins með auknu fjármagni til sameingarverkefna.

Stjórnin harmar, að í viljayfirlýsingunni skuli ekki kveðið á um vilja ríkisvaldsins að leiðrétta sjálfstöku þess á réttmætum tekjum sveitarfélaga í gegnum fjármagnstekjuskatt og vegna skattheimtu af einkahlutafélögum og telur að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi ekki tekist að nýta sér það lag, sem er vegna Alþingiskosninga , sem nú fara í hönd.

Viðurkennt er að staða margra sveitarfélaga er vel viðunandi en misskiptingin milli þeirra er óásættanleg og núverandi tekjuskipting milli sveitarstjórnarstigsins og ríkisins gjörsamlega óþolandi, enda liggur fyrir að staða ríkissjóðs er sífellt að batna meðan skuldir sveitarfélaga í heild stórukast, þannig að nú er svo komið að fjölmörgum sveitarfélögum er ekki lengur unnt að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

Eftir allgóðar umræður var bókunin **samþykkt samhljóða**.

4/3 Ályktanir XXI landsþings S.Í.S um velferðarmál o.fl.

Í umræðum um ályktanirnar kom fram hjá stjórnarmönnum (B.H.G-G.Ó-R.A-Ó.S-Ó.Á-G. I-P.B.) **að áherslur og forgangur sveitarfélaga á Austurlandi er að fyrst eigi að leiðrétta og**

styrkja tekjustofna sveitarfélaganna **og síðan** að hefja markvissann undirbúning að flutningi þjónustu við fatlaða og aldraða frá ríki til sveitarfélaga .

Ekki er tekið undir það að flutningur á framhaldskólunum og heilsugæslunni frá ríki til sveitarfélaganna sé forgangsverkefni við núverandi aðstæður.

4/4 Þenslan á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni 2002-2005.

Upplýsingar : Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri S.Í.S

Í búum á vaxtarsvæðum hefur fjölgað um 9% á tímabilinu ,á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur um 7.5 % og 2.1% í Reykjavík.Í öðrum sveitarfélögum hefur fækkað um 3.1 % og ef þorpin eru tekin sérstaklega út er fækkunin þar 4.1%

Hlutfallseg þróun heildartekna sveitarfélaganna á tímabilinu hafa þróast misjafnlega Tekjur Reykjavíkurborgar hafa vaxið um 30%,hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu vaxið um 55.3%,á vaxtarsvæðum um 37%, tekjur annarra sveitarfélaga vaxið um 19.4% ,en hjá þorpunum einungis um 16.8%.

4/5 Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga 2007 .

Upplýsingar : Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri SVÍ 30.mars 2007.

Þar kemur fram að athyglivert er hve mikill munur er á afkomu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðarinnar hinsvegar .Á höfuðborgarsvæðinu er áætlað að fjárfesta fyrir rúma 17 milljarða og selja varanlega rekstrarfjármuni fyrir um 5.5 milljarða, en sveitarfélögin á landsbyggðinni ætla að fjárfesta fyrir um 7.8 milljarða en selja eignir á móti fyrir einungis um 0.7 milljarð. G.J leiðir líkur að því að enn erfiðara verði fyrir sveitarfélög sem eru á svæðum þar *sem samdráttur er í íbúafjölda og atvinnulífi að halda uppi því þjónusturstigi sem talið er eðlilegt í nútíma samfélagi.*

4/6 Greiðslur til sveitarfélaga vegna Alþingiskosninga 12. maí 2007.

Með vísan til 14.gr. laga nr. 162.21.des.2006 hefur dómsmálaráðherra 27.mars 2007 ,að höfðu samráði við Samband ísl. Sveitarfélaga , ákveðið að rikissjóður greiði 430kr fyrir hvern kjósanda á kjörskrá og fyrir hvern kjörstað sem sveitarstjórn ákveður kr. 300.000. Ríkið mun ekki að öðru leiti hafa bein afskipti af skipulagningu sveitarfélaganna af framkvæmd kosninganna.

Fram kom í umræðum stjórnarmanna að hér væri um að ræða spor í rétta átt í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

5. Verkefni SSA: Svona gerum við :Leiðir að fjölmenningarlegu Austurlandi .

5/1 Fundargerðir starfshóps /verkefnisstjórnar .

9 fundargerðir frá tímabili 06.04.06-02.02.07.

Fundargerðirnar innihalda vinnuferli starfshópsins frá upphafi til loka verkefnisins.

5/2 Kynningar á verkefninu og framhaldsvinna. *Samþykkt stjórnar* .

Framkvæmdastjóri upplýsti að verkefnið hafi verið kynnt á Suðurlandi , Vestfjörðum og Norðurlandi : Einnig hefur kynning farið fram á mið og norðursvæði SSA en fyrir dyrum standa kynningar á suðursvæði og á Vopnafirði.

Varðandi framhaldsvinnuna er beðið eftir tilnefningum frá 9 aðilum í eftirfylgnisteymið . Gert er ráð fyrir því að næsti áfangi , eftirfylgnin, standi yfir í 18 mánuði (maí 2007-sept. 2008) eða til aðalfundar 2008.

Hafliði Hafliðason verkefnastjóri ÞFA verður ráðinn verkefnisstjóri. Framkvæmdastjóri upplýsti að framkvæmda- og kostnaðaráætlun geri ráð fyrir heildarkostnaði að upphæð 2.9 millj.kr. Hann hefur sótt um styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála, f.h. verkefnisins ,að upphæð 1,8. millj.kr. eftir viðræður við félagsmálaráðherra og formann innflytjendaráðs. Fjárhagsáætlunn SSA 2007 gerir ráð fyrir 300.000. í verkefnið en verkefnið sjálft þarf því að afla framlaga að upphæð 800.000.á verktímanum.

Framkvæmdastjóri lagði fram svohljóðandi tillögu :

Með vísan í fyrirbyggjandi upplýsingar og samþykkt stjórnar SSA frá fundi 5.mars sl. liður 3/2 D samþykkir stjórn SSA að heimila framkvæmdastjóra SSA , sem jafnframt verður fulltrúi stjórna SSA í eftirfylgnisteyminu , að fylgja eftir framkvæmd fyrsta áfanga, sem skilað verður með áfangaskýrslu til aðalfundar SSA 2008.

5/3 Þróunarsjóður og aðlögunarverkefni á sviði innflytjendamála .

Félagsmálaráðherra hefur tilkynnt (27. mars) um stofnun Þróunarsjóðs á sviði innflytjendamála sem árlega muni veita allt að 10.0 millj.kr samkvæmt reglum sem innflytjendaráð setur Sjóðurinn tekur til starfa í ár.

Eins og fram hefur komið(liður 5/2) hefur framkvæmdastjóri SSA sótt um í sjóðinn f.h. verkefnis SSA “ Svona gerum við ,framhaldsvinna”

Tvö sveitarfélög , Fjarðabyggð og Bolungarvík ,hafa verið valin til að ráðast í tilraunaverkefni um aðlögun innflytjenda , sem m.a. byggir á tillögum í verkefni SSA “Svona gerum við “.Tilraunaverkefnin fá styrk frá Félagsmálaráðuneytinu .

Öll verkefnin vinna náið með Fjölmenningssetri.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram (Ó.Á-B.H.G.-Ó.S-G.I.-R.A.-D.M.S) að nauðsynlegt er að framhaldsvinna SSA sem samþykkt hefur verið við fyrsta áfanga og tilraunaverkefni Fjarðabyggðar, sem m.a. á að byggja á tillögum SSA verkefnisins , starfi eins náið saman og frekast er kostur en rekist ekki hvort á annað . Á það leggja stjórnarmenn áherslu og fela framkvæmdastjóra að koma því á framfæri við hlutaðeigandi.

6. Önnur verkefni : Staðan.

6/1 Fundargerð: Samráðsfundur SSA og ÞFA nr.5 8.mars 2007

Framkvæmdastjóri fóru yfir helstu atriði sem þar koma fram, en samráðsfundir þessir eru haldnir með vísan til samstarfssamnings SSA og ÞFA frá mars 2006.

6/2 Vaxtarsamningur Austurlands.

Aðgerðar og fjárhagsáætlun samningsins fyrir 2007 hefur verið lögð fram og samþykkt af stjórn. 18 verkefni hafa verið valin sem forgangsverkefni. Lítillega hefur borið á gagnrýni á verkefnavalið. Framkvæmdastjóri segir að sviðin, framkvæmdaráðið og stjórnin hafi unnið vandaða og góða vinnu við undirbúning og forgangsroðun verkefnanna en fjárhagsramminn er þröngur eins og allir vita en væntingar miklar. Stefnt er að námskeiðum fyrir verkefnastjóra 9. maí nk. Landsbankinn mun sjá um að halda utan um fjármál Vaxtarsamningsins og er fyrri hluti framlaga nú í innheimtu.

6/3 Málþing: Vatnajökulspjódgarður.

Framkvæmdastjóri upplýsti að Vatnajökulspjódgarður væri eitt af forgangsverkefnum Vaxtarsamningsins og unnið verði með það verkefni þar. Því hefur orðið að samkomulagi að málþingin sem fyrirhuguð voru nú í vor með samstarfi SSA, Eyþings og freðamálasamtakanna fari fram í haust í tengslum við Vaxtarsamningsvinnuna.

6/4 Söguritun (Smári Geirsson) : Samstarf sveitarstjórna á Austurlandi .

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu verkefnisins hjá söguritara en hún gengur samkvæmt áætlun.

6/5 Þekkingarnet Austurlands . Háskólanám á Austurlandi .

Framkvæmdastjóri ,sem er form.stjórnar ÞNA,sagði frá því að á stjórnarfundum á Höfn 17. apríl sl hafi Þekkingarnetið tekið á leigu húsnæði fyrir starfseminu í Nýheimum .Einnig hafi verið endurnýjaður og skrifað undir samstarfsamning við Háskólann á Akureyri um nám í hjúkrunarfræði . Starfsmenn ÞNA eru alls 9 í 7stöðugildum ,þar af er einn starfandi í Nýheimum Höfn og einn í Búlandi Neskaupstað. Núverandi framkvæmdastjóri ÞNA Guðrún Reykdal hefur sagt upp starfi sínu og hefur stjórnin auglýst starf framkvæmdastjóra með umsóknarfresti til 15. maí nk.

Aðalfundur ÞNA verður í Neskaupstað 30. maí nk.

Ívar Jónsson ,starfsmaður ÞNA , hefur verið að skoða þá möguleika sem felast í að setja á fót staðbundið háskólanámi á Austurlandi . Kynnti hann fyrstu hugmyndir sínar um að koma á tveggja ára (120ECTS) staðbundnu diplómanámi á Egilsstöðum. Nemendafjöldi um 60. Kennsla einstakra námskeiða gæti farið fram á ýmsum stöðum á Austurlandi gegnum fajaránamskerfi ÞNA . Vegna nemendafæðar er forsenda námsins sú að nemendur greiði skólagjöld. Stjórn ÞNA hefur lýst áhuga sínum á að málið verði skoðað áfram.

6/6 Rýnihópur: Samþætt áætlanagerð á norðlægum jaðarsvæðum.

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann væri að fara til Svíþjóðar á vegum verkefnisins 22.-25. maí nk.

7. Ársreikningur SSA 2006.

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöðutölur ársreikningsins:

Tekjur: 23.705.577- Rekstrargjöld: 20.835.836-Fjármunatekjur:1.450.879-Afkoma af reglulegri starfsemi : 4.320.620.-Hækkun lífeyrisskuldbindinga :4.471.175-peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga 18.126.413.

Samþykkt að taka ársreikninginn til afgreiðslu á júní fundi stjórnar ásamt fjárhagsáætlun SSA 2008.

8. Aðalfundur SSA Vopnafirði 2007. Tímasetning

Að höfðu samráði við heimamenn á Vopnafirði (Ó.Á og Þ.St.) samþykkir stjórn SSA að **aðalfundur SSA 2007 verði 21.og 22. september n.k á Vopnafirði.**

9 Áætlaður mannfjöldi aðildarsveitarfélaga 01.04.2007.(Hagstofan)

9/2 Hagdeild SÍS: Ýmsar upplýsingar um aðildarsveitarfélögin.

Lagt fram til kynningar .

10 Stuðningsyfirlýsing SSA við Vestfirðinga frá 15. mars sl.

Formaður og framkvæmdastjóri , að höfðu samráði við framkvæmdaráð SSA ,sendu svohljóðandi stuðningsyfirlýsingu til Vestfirðinga.

Stuðningsyfirlýsing við Vestfirðinga og landsbyggðina.

Vestfjarðanefndin:

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðabæjar

Samband Sveitarfélaga á Austurlandi SSA , styður heilshugar þær áherslur sem sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum setja fram ,í viðleitni sinni ,til að snúa við þeirri óheillaþróun í byggða og atvinnumálum sem átt hefur sér stað í landshlutanum.

Veik byggð á Vestfjörðum veikir landsbyggðina og um leið landið allt.

Tökum höndum saman og köllum, fólkið okkar , atvinnulífið og stjórnvöld til verka við að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni.

Áfram Vestfirðir. Kveðja frá Austurlandi:

F.h.Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Framkvæmdastjóri Þorvaldur Jóhannsson .

Form. Bj. Hafþór Guðmundsson.

Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu tilefni yfirlýsingarinnar og m.a. var þar vísað til "heiðursamanna samkomulags" Vestfirðinga og Austfirðinga sem gert var á sínum tíma. Ó.Á. sagðist mótfallinn yfirlýsingunni og hafi hann komið þeim skilaboðum strax til form. og framkvæmdastjóra. SSA á fyrst og síðast að standa að baki sínum aðildarsveitarfélögum í blíðu og stríðu en ekki að vera að skreyta sig á hátíðarstundum með svona yfirlýsingum sagði Ó.Á. Aðrir stjórnarmenn sem tjáðu sig (Ó.S-G.I-R.A-P.B) voru jákvæðir yfir efni og tilgangi yfirlýsingarinnar.

11. Skrifstofu og starfsmannahald SSA á Seyðisfirði.

Framkvæmdastjóri sagði að nú liggi fyrir undirritaður húsaleigusamningur við Landsbankann (nýr eigandi) vegna aðstöðu SSA í Húsnæðinu að Hafnargötu 28.

Samningurinn er sambærilegur við fyrri leigusamning, nema hvað ræsting er tekin út úr samningnum.

Starfsmaður SSA á skrifstofu verður áfram í 30% starfi, Kristín Klemensdóttir.

12. Tilnefning SSA : Einn aðal og varamaður í Markaðsstofu Austurlands.

Óskað hefur verið eftir tilnefningum frá SSA í stjórn Markaðsstofu Austurlands.

Stjórn SSA samþykkir tilnefningu þannig:

Aðalmaður: Magnús Már Þorvaldsson Vopnafjarðarhreppi

Varamaður: Björn Ármann Ólafsson Fljótsdalshéraði

13. Önnur mál.

Engin : Formaður sleit því fundi kl. 15.10.

Að loknum stjórnarfundum bauð framkvæmdastjóri Austfars ehf Jóhann Jónsson stjórnarmönnum um borð í bílferjuna Norröna sem lá við bryggju við Strandhöfn.

Um borð tók á móti gestum John B. Hansen "crusmanager" sem sýndi og leiðsagði gestum um skipið en fram kom að hann hafði verið með í fyrstu ferð litla Smyrils til Seyðisfjarðar í júní 1975. Uppi í brú tók á móti gestum skipstjórinn Alfred Joensen. Boðið var upp á veitingar í veitingasal skipsins þar sem Jóhann sagði frá starfsemi Austfars og Smyril-Line og þýðingu þess að austfirskir sveitarstjórnarmenn styðji vel við bakið á starfseminni en útgerðin hefur siglt til og frá Austurlandi í 32 sumur og nú síðustu tvö ár vikulega allt árið. Hann þakkaði stuðninginn í gegnum árin og lagði áherslu á að ef siglingarnar eigi að geta þróast áfram eins og eigendur sjái þær fyrir sér þá verði að lagfæra samgöngur landleiðina að og frá Seyðisfirði með jargöngum sem allra fyrst.

Formaður SSA þakkaði skemmtilega heimsókn og fróðlegar upplýsingar Hann óskaði fyrirtækinu áframhaldandi farsældar í siglingum sínum að og frá Austurlandi.

Sign. Þorvaldur Jóhannsson

Prentað af vef www.ssa.is þann 29. júlí 2010 klukkan 14:29.